

ÞJÓNUSTUSAMNINGUR MILLI SORPSTÖÐVAR RANGÁRVALLASÝSLU BS. OG RANGÁRÞINGS YTRA

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. kt. 600893-2469, í samningi þessum nefndur verkkaupi og Rangárþing ytra kt. 520602-3050, í samningi þessum nefndur verksali, gera með sér svohljóðandi samning:

1. gr. Skilgreining verkefna

Verksali tekur að sér bókhald, launagreiðslur, reikningagerð, áætlanagerð og aðra fjármálaumsýslu fyrir verkkaupa. Þá tekur verksali einnig að sér framkvæmdastjórn og umsjón með starfsmannamálum. Verksali mun einnig sjá um að svara fyrirspurnum og ábendingum varðandi sorphirðu, upplýsingagjöf, kynningarmál og útgáfu sorphirðudagatals. Þá mun verksali halda utan um fjölda sorphiláta á sorphirðustöðum Sorpstöðarinnar, ásamt því að annast innkaup þeirra.

2. gr. Umfang og greiðslur

Fyrir þau verkefni sem skilgreind eru í 1. gr er kostnaður verkkaupa föst upphæð kr. 2.500.000 á ári. Upphæðin er tengd vísitölu neysluverðs og miðast við grunnvísitölu í janúar 2019 og uppreiknast einu sinni á ári í ársbyrjun hvert ár.

3. gr. Gildistími

Samningurinn gildir ótímabundið frá og með 1.1.2019 en er uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara.

4. gr. Önnur atriði

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Mál sem kunna að rísa út af samningi þessum skal reka fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

Hellu, xxxx 2019